

Fundur haldinn 31.10. 2018 kl. 09:00 í Hermes. Mættir: Jón Þórðarson formaður, Björn Ingimarsson og Sigurbjörn Marinósson. Formaður stjórnar setti fund og stýrði honum.

Dagskrá fundarins.

1. Undirbúningur aðalfundar SKA
 - a. Ársreikningur 2017 drög
 - b. Fjárhagsáætlun 2019 drög
 - c. Uppfæra samning um þjónustusvæðið
 2. Brú lífeyrissjóður- niðurstaða uppgjör
 3. Erindi frá Fljótsdalshéraði v. Málefna fatlaðs fólks
 4. Erindi frá þjónustuhópi SKA - umsókn í sjóð v. arfs Sigríðar J. Kjerúlfs o.fl.- úthlutun
 5. Önnur mál
-
1. a. Farið var yfir drög ársreiknings fyrir árið 2017. Rekstrarhalli ársins er 2,3 milljónir skv. rekstrarreikningi en gert var ráð fyrir halla upp á kr. 6,0 milljónir í áætlun. Jafnframt er inn í þessum halla uppgjör við Brú lífeyrissjóð skv. samkomulagi milli BHM, BRSB og KÍ, annars vegar og ríkisjóðs og Sambands ísl. sveitarfélaga hins vegar upp á kr. 3,4 millj. sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Samþykkt að vísa ársreikningi til stjórna- og aðalfundar til samþykktar.
b. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Samþykkt að vísa fjárhagsáætlun til stjórnarfundar og aðalfundar til samþykktar.
c. Ákveðið var að leggja til að samningur um *Sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands um þjónustu við fatlað fólk* verði uppfærður á næsta aðalfundi. Uppfærslan miðast aðallega að gildistíma samningsins, en fyrir liggur í fundargerð að samningurinn er í gildi þrátt fyrir gildistíma ákvæði hans.
- Næsti stjórnarfundur verður föstudaginn 23. nóvember kl. 12:00 á Borgarfirði.**
Aðalfundur SKA verður haldinn í framhaldi stjórnarfundarins 23. nóvember 2018.
Á næsta aðalfundi þarf að tilnefna í nýja stjórn byggðasamlagsins og framkvæmdastjórn þess.
2. Forstöðumaður lagði fyrir samkomulag frá Brú lífeyrissjóði um uppgjör skv. samkomulagi milli BHM, BRSB og KÍ, annars vegar og ríkisjóðs og Sambands ísl. sveitarfélaga frá 19. september 2016, um jöfnun lífeyrisréttinda. Samkomulagið milli Brú lífeyrissjóðs og Skólaskrifstofu Austurlands hljóðar upp á að Skólaskrifstofan greiði kr. 3.390.351,- í jafnvægisjóð A-deildar Brúar.
Forstöðumanni falið að undirrita samkomulagið f.h. Skólaskrifstofunnar og greiða framlagið til sjóðsins.
 3. Erindi frá fjármálastjóra Fljótsdalshéraðs vegna leiðréttingar á launum í Búsetu 2014-2018. Í erindinu er þess óskað að framlögin á árunum 2014 – 2018 verði leiðrétt um kr. 24,5 millj. Málið rætt og því vísað til afgreiðslu í stjórn.
 4. Forstöðumaður greindi frá tillögu þjónustuhóps SKA v. umsóknar í sjóð v. arfs Sigríðar J. Kjerúlfs o.fl., en sjóðurinn færðist yfir til SKA með málaflokki fatlaðs fólks. Reglur sjóðsins kveða á um meðferð hans. Tillaga þjónustuhópsins er að úthluta jafnt úr sjóðnum til þeirra sem eiga rétt til þess og leggja hann niður að því loknu. Samþykkt að framkvæmdastjórn.

5. Önnur mál.

- a. Forstöðumaður sagði frá endurnýjun samnings vegna tveggja bílaleigubíla Höldurs eins og undanfarin ár.
- b. Endurmenntun í ágúst og sept. 2018 gekk vel og var vel sótt.
- c. Skólaskrifstofan hefur gert samkomulag við Erlu Bjarnýju Jónsdóttur um að vera Persónuverndarfulltrúi Skólaskrifstofunnar og greindi forstöðumaður frá þeirri vinnu sem fram hefur farið.
- d. Forstöðumaður greindi frá samningi við Advania um færslu í 365 skýjalausn en verið er að leggja niður kerfisleigu sem skrifstofan hefur verið í. Skólaskrifstofan verður með sérhýsingu hjá Advania vegna vinnslu viðkvæmra persónugagna.
- e. Rætt um stöðu sálfræðiþjónustu hjá skrifstofunni og þörf á eflingu hennar. Málinu vísað til frekari umræðu í stjórn SKA.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:55

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson